

# Þing KKÍ 2013 – 15. mars 2013 í Laugardal

HSJ hefur þingið

Kjörbréfanefnd Þóra Melsted, Jóhanna Hjartardóttir og Hermundur Pálsson

Þingforseti Pétur Hrafn Sigurðsson og Hannes S. Jónsson vara

Þingritari: Rúnar Birgir Gíslason og Stefán Borgbórsson til vara

Gefur PHS orðið

PHS tekur við og fyrsta mál er að kjósa í nefndir.

Allherjarnefnd: Samúel Guðmundsson formaður, Guðni Guðnason og Friðrik Ragnarsson

Laganefnd: Alexander Ragnarsson formaður, Sara Pálmadóttir og Ester Alda Sæmundsdóttir

Fjárhagsnefnd: Ástþór Ingi Ólafsson formaður, Þórður Pálsson og Sævar Óskarsson

PHS gefur HJS orðið – ræða formanns

PHS gefur Eyjólfí Guðlaugssyni orðið um endurskoðaða reikninga

EPG fer yfir reikningana.

PHS segir frá gestum sem hafa beðið um orðið, fyrst Helga Steinunn Guðmundsdóttir frá ÍSí.

PHS gefur Hafsteini Pálssyni frá ÍSí orðið, talar um frumvarp um Happraettisstofu.

PHS gefur orðið laust

Þorsteinn Þorbergsson úr Stjórnunni mætir fyrstur í pontu, kommentar á fjárhagsmál. Nefnir að A landslið karla hafi kostað mikið, spyr hvort menn hafi ekki reiknað með þessum kostnaði. Spyr hvort verið sé að fá nóg út úr vörumerkinu. Spyr hvort menn hafi skoðað fleiri tekjupósta. Nefnir final four í handboltanum. Vill ekki hætta með landslið, bara að menn ræði hvernig hægt sé að auka tekjurnar.

HSJ svarar þessu, segir að menn hafi gert sér grein fyrir að þetta gat orðið dýrara. Breyting á fyrirkomulagi hjá FIBA Europe fyrir 2012. Hafði verið erfitt að afla tekna þar sem við vorum ekki nógu sýnilegir þar sem við vorum ekki með landslið. Urðu fleiri lið í riðlinum en reiknað var með. Þjóðirnar í riðlinum voru heldur ekki samvinnufúsar með að spila marga leiki í ferð. Komu tekjur inn en þó ekki eins og menn ætluðu. Menn voru að betla boðsmiða fyrir menn frá fyrirtækjum sem gætu komið með peninga seinna. HSJ vonar að með fleiri leikjum fari að komi fleiri áhorfendur. Nefnir að von sé á meiri peningum frá FIBA Europe.

Varðandi vörumerki, þá taldi HSJ að það væri meira virði en raunin varð. Samt stærsti samningur sem KKÍ hefur gert og jafnframt stærsti samningur sem Dominos hefur gert. Fleira fylgir þessum samning, t.d. dominosdeildin.is og boltar sem verða gefnir. HSJ hefur trú á að vörumerkið landsliðið eigi eftir að skapa meiri tekjur.

Ekki fleiri sem biðja um orðið

Kjörbréfanefnd enn að störfum og því ekki hægt að greiða atkvæði um reikninga.

HSJ biður um orðið og nefnir það að þegar landsliðið var skráð til leiks 2012 var ekki gert ráð fyrir Evrópukeppni, tap 2012 sem átti að borga upp 2013 en svo setti FIBA Europe á mótið í sumar. Ef við

hefðum ekki verið með í sumar hefðum við ekki getað verið með fyrr en 2015.  
Hann fer yfir landsliðstarf í sumar.

PHS gefur kaffipásu á meðan kjörbréfanefnd lýkur störfum

PHS gefur Þóru Melsteð formanni kjörbréfanefndar orðið og hún fer yfir bréfin sem bárust á réttum tíma.

PHS biðum þingheim um að samþykkja kjörbréf.

Þóra Melsteð fer yfir kjörbréf sem bárust of seint.

PHS ber þessi bréf upp til atkvæða, samþykkt með öllum atkvæðum nema 4.

PHS ber reikninga sambandsins upp til atkvæða, samþykkt samhljóða.

PHS fer í gegnum þingskjöl og vísar í nefndir.

1. Laganefnd
2. Laganefnd
3. Allsherjarnefnd
4. Allsherjarnefnd
5. Allsherjarnefnd
6. Allsherjarnefnd
7. Laga- og leikreglnanefnd
8. Laga- og leikreglnanefnd
9. Laga- og leikreglnanefnd
10. Laga- og leikreglnanefnd
11. Laga- og leikreglnanefnd
12. Laga- og leikreglnanefnd
13. Laga- og leikreglnanefnd
14. Laga- og leikreglnanefnd
15. Fjárhagsnefnd

PHS ber upp tillögu frá KFÍ sem barst of seint til atkvæða, 2/3 þurfa að samþykkja að hún verði tekin til umræðu. 38 sammála, 9 á móti. Samþykkt. Lagt til að verði vísað til Allsherjarnefnd.

Matur kl 20, Dominos

Fólk fer í nefndir

PHS gerir hlé 18:41

PHS setur þingið

Jóhanna Hjartardóttir frá kjörbréfanefnd kemur upp og segir að 106 atkvæði séu á þinginu.

PHS býður formanna fjárhagsnefndar upp til að kynna tillögur nefndarinnar.

Ástþór Ingi formaður nefndarinnar leggur til að tillagan sé samþykkt eins og hún er.

Þorsteinn úr Stjórnunni kemur upp og spyr hvort eitthvað geri ráð fyrir auknum álögum á félögin.

Formaður nefndarinnar segir að svo sé ekki.

PHS leggur tillögun undir atkvæði, samþykkt samhljóða

PHS býður formann laga og leikreglanefndar, Alexander Ragnarsson.

Alexander Ragnarsson kemur og kynnir þingskjal 1

Gunnar Jóhannsson kemur upp og veltir fyrir sér afhverju stjórn KKÍ hefur atkvæðisvægi á formannafundi.

PHS ber tillöguna upp og hún samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum.

Alexander tilkynnir tillögu 2 með breytingum.

Hilmar Júlíusson kemur upp og ítrekar að hann vilji að riðlakeppnin fari fram fyrir Íslandsmót

Sævar Sævarsson úr Keflavík fari fram fyrir tímabil.

EPG telur að styrkleikaröðun sé ósanngjörn

Magnús Ingi Óskarsson úr Haukum kemur upp og vill sameina reglur um útlendingamál fyrir lið úr úrvalsdeild og 1. deild, að þrengri reglan gildi.

EPG leggur til að ekki verið styrkleikaraðað heldur dregið eins og áður var.

Gunnar Jóhannsson úr Keflavík og talar um að það þarf að koma með tillögur, andi funda skili sér ekki

Þorsteinn úr Stjórnunni telur mótið mikilvægt og ekki megi þynna það út.

Henning úr Haukum nefnir styrktaraðila mótsins að klára þetta mót fyrir Íslandsmót að virðingu fyrir styrktaraðilum. Einnig að leikmenn missi fljótt áhugann á þessu inn í tímabili.

Jón Gauti úr Grindavík vill að þetta klárast fyrir tímabil og ef hann eigi að verða einhvers virði, einhver djús í þessu, þetta sé bara kostnaðarauki.

Guðjón Þorsteinsson jafndýrt fyrir alla

Hlé

8 liða úrslit Kosið samþykkt með öllum nema 4

Preseason allt samþykkt með öllum nema 1

Tillaga Hauka samþykkt með öllum nema 4

Alexander kynnir þingskjal nr 7

Sævar Sævarsson úr Keflavík spyr um nánari skýringu á að dómaranefnd megi kæra.

Kjartan Atli Kjartansson Stjórnunni velti fyrir sér 13 a

Jón Gauti Grindavík er sammála Kjartani

Þorsteinn Stjórnunni fer yfir 6. greinina finnst þetta góð samfélagstilraun. Vantar tímaramma fyrir ábendingar. Fer yfir 14. greinina. Vill fella út breytingar á 14. greininni.

Hannibal ÍA 6. grein hvort stjórn KKÍ hafi rétt til að kæra félag sem brjóta reglur eða hvort ÍA þurfi að koma með tillögu um slíkt.

Gunnar úr Keflavík 13. grein er sammála Kjartani og svo 14. grein, vill taka út heimilt og setja inn skal.

PHS tekur á sig hatt formanns dómaranefndar og svarar Sævari, fer yfir afhverju dómaranefnd fær þetta vald.

Jón Gauti vill ekki taka kjaftbrúk út úr íþróttinni. Má ekki njörva hlutina meira niður.

Kjartan Atli spyr afhverju sé verið að bæta þessu inn núna ef það var verið að dæma eftir þessu í vetur.

PHS ber upp breytingu á grein 5 í þingskjali 7 – samþykkt

PHS ber upp neðri málsgrein í 5. grein – samþykkt

6. málsgrein í 5. grein borin upp – samþykkt gegn 2

6. grein kæruréttur dómaranefndar samþykkt samhljóða

6. grein næstneðsta málsgrein – samþykkt

7. grein kærufrestir styttnir – samþykkt

Tillaga frá ÍA vegna 7. grein

PHS gefur orðið laust

Hannibal frá ÍA útskýrir tillöguna betur

Þorsteinn Stjörnunni spyr hvort ekki sé búið að afgreiða

Kjartan leggur til að þingsályktartillaga 17 gildi um þetta

Rúnar Birgir segir að úrslit standa í kærumálum ef sigurlið vinnur.

Svali Björgvinsson spyr hvort þarf að kæra, hvort lið tapi ekki bara sem er ólögleg.

PHS talar um formfestu, þarf að vera úrskurðarapparat.

Tillaga ÍA borin upp til atkvæða samþykkt með öllum gegn 1

8. grein borin upp samþykkt

9. grein samþykkt

13. grein Breyting frá Gunnari í Keflavík, fellt með þorra atkvæða gegn 3

13. grein a liður frá þingskjali, fellt með öllum atkvæðum

13. grein n liður samþykkt

13. grein o liður samþykkt

14. grein tillaga Gunnars í Keflavík heimilt í skal. Sammála 41, á móti 29

14. grein um facebook og twitter – samþykkt með meirihluta

14. grein seinni málsgrein samþykkt

22. grein samþykkt

Öll reglugerðin með áorðnum breytingum samþykkt

Matarhlé hálf tíma

Þingskjal nr 9 Alexander fer yfir

Samþykkt samhljóða

Alexander kynnir þingskjal 10

PHS gefur orðið laust

Stefán mótastjóri útskýrir, gleymdist á síðasta þingi að gera greinarmun á deildarkeppni og fjölliðamóti.

PHS leggur til 10a og það samþykkt.

Alexander kynnir þingskjal 11 og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Segir að orðið hafi umræður um ólögleg B lið og að sekta. Kynnir einnig þingskjal 17.

PHS opnar orðið

Kosningar um þingskjal 11 – samþykkt

Opnar orðið um þingskjal 17

Kosið um þingskjal 17 samþykkt

Alexander kynnir þingskjal 12

PHS opnar orðið

Jón Ben Keflavík spyr hvort menn séu búnir að velta upp þeim möguleika að í úrslitamóti geti komið upp sú staða að lið noti bara 5 leikmenn.

Kjartan Stjörnunni kemur og spyr um gildismat þjálfara. Spyr hvort Fræðslunefnd geti farið í að skoða gildismat. LÓFAKLAPP

Stefán mótastjóri nefnir að þetta sé komið t.d. fyrir lið sem ná ekki 10 leikmönnum fyrirfram og vita áður en þau leggja af stað, kannski þvert yfir landið

Jón Ben Keflavík kemur aftur og telur að menn vilji alltaf vinna frekar en góða

Kjartan Atli bendir að mótanefnd getur gefið heimild ef um vandkvæði er að ræða, þarf að skilgreina hvað eru vandkvæði.

Guðjón Þorsteinsson talar um lið sem eiga aldrei möguleika á að vera með 10, það þurfi að muna eftir slíku.

Stefán mótastjóri útskýrri vandkvæðin, þar hefur verið miðað við fjölda iðkenda. Ekki meiðsli og ferðalög o.s.frv.

Þorsteinn Stjarnan bendir á þingskjal 13

Kosning um þingskjal 12 samþykkt með öllum atkvæðum gegn 1

Alexander kynnir þingskjal 13

Opið orð

Kosningar samþykkt

Alexander kynnir þingskjal 14a

Opið orð

Kosningar um 14a samþykkt samhljóða

Alexander kynnir þingskjal 18

Opið orð

Kosningar Samþykkt.

Alexander þakkað fyrir störf sín

PHS gefur formanni Allsherjarnefndar Samúel Guðmundssyni orðið

Samúel kynnir þingskjal 3a og þingskjal 3, bendir jafnframt á að þingskjal 4 sé samhljóða 3.

Opið orðið

Þorsteinn Stjarnan kemur upp og vill ekki ræða erlenda leikmenn, hann segir deildarkeppnina í vetur þá mest spennandi í mörg ár. Vill fá stabilitet, leggur til að þetta verði fellt. Lófaklapp

Einar Árni kemur upp og styður 4+1, finnst útlandingar taka of mikið pláss og sem þjálfara yngri landsliða finnst alltof margir leikmenn sem hann hefur starfað með þar enda á bekknum alltof snemma. Vill að hlustað sé á leikmenn. Íslenskir leikmenn verða battar. Fjölmíðlar vilja íslenskar stjórnur. Lófaklapp

Magnús Ingi Óskarsson Haukum veltir fyrir sér kostnaði í hreyfingunni vegna erlendra leikmanna, segir að það sé ca 2,5 milljónir á ári. Vill að íslenskir leikmenn fái stærri hlutverk. Vill sértækar aðgerðir vegna liða á landsbyggðinni. Lófaklapp

Jón Gauti Grindavík segir að Njarðvík myndi aldrei koma með þessa tillögu nema af því að það hentar þeim núna. Talar um að allir hugsi um eigin rass. Mælir með að tillagan verði felld. Lófaklapp

Steinar Davíðsson Fjölur segir að Fjölurismenn hefður þurft helst 3 kana í vetur en þeir völdu að gera það ekki. Talar um að menn horfi misjafnt á hlutina, sumir hugsa um uppeldi aðrir um titla. Lófaklapp

Einar Árni segist ekki vera að hugsa um sjálfan sig, segist vera að hugsa um íslenska leikmenn.

Kjartan Atli segir að ef menn ætli að vera með 4+1 þá verði að skoða heildarmynd körfuboltans, hvernig íslenska leikmenn við viljum. Heildarstefna og fræðsla, horfa til framtíðar. Lófaklapp.

Jón Gauti finnst ekki gildismat gilda um meistaraflokk en á við um yngri flokka.

PHS lokar mælendaskrá.

Guðjón Þorsteinsson talar um að við séum alltaf breyta, alltaf að rífast um sömu hlutina. Sama umræðan búin að vera í yfir 20 ár.

Benóný frá Breiðablik talar um að Breiðablik sé á móti, vanti stöðugleika. Talar um að karfa sé landsbyggðarsport, biður menn að hugsa um það.

Guðni Guðnason vill að menn hafi þann möguleika að hægt sé að taka Bosman, það er engin skylda að taka Bosman en að það sé valmöguleika.

PHS segir að 3 og 4 verði borin upp saman, eru samhljóða. Segir að 3a gangi lengst og verði borin upp fyrst. 8 sammála en rest á móti.

Tillaga 3 og 4 46 sögðu já og 44 nei

Samúel kynnir þingskjal nr 5a

Opið orð

Samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta

Samúel kynnir þingskjal nr 6. Leggja til að þessu verði vísað til stjórnar.

Opið orð

Kosning – samþykkt

Samúel kynnir þingskjal 8a

Opið orð

Kosning samþykkt

8 með áorðnum breytingum samþykkt

Samúel kynnir þingskjal 16

Þorsteinn Stjarnan talar um sektirnar, vill ekki að þetta leggist á foredrana, bendir á að ef þetta gerist þetta tvisvar þá detti úr móti, vill að þetta verði fellt

Guðjón Þorsteinsson talar um foreldrana sem eru búin að senda börnin sín í leik en fær svo ekki endurgoldið.

Kjartan Atli segir að þetta sé ekki svona einfalt. Það sé t.d. ekki alltaf sammála um hvort sé fært eða ekki.

Guðmundur Sigurbergsson Breiðablik spyr hvað sé skilgreining á ferðakostnaður í þessari reglugerð.

Kosning um 16a samþykkt með meirihluta

Samúel þakkað fyrir

PHS segir að við séum komin undir önnur mál

PHS segir frá tillögu 19

Guðríður Aadnegaard kynnir tillöguna.

Opið orð

Kosning Samþykkt samhljóða.

Guðríður Aadnegaard talar um vímuefnavarnir og lottó

Lárus Ingi Friðfinnsson þakkar fyrir samstarfið í stjórn. Er líka ánægður með að 4+1 hafi verið samþykkt. Veltir upp þeirri hugmynd að félagin borgi 500-1000 kr pr skráðan haus til landsliðsstarfs KKÍ.

EPG betri umgjörð, horfa á fleiri vinkla. Virðing við leiknum. Skrá úrslit.

Þorsteinn kemur upp og talar dómgæslu á jákvæðum nótum, fékk nýja sýn eftir bikarúrslitahelgi yngri flokka. Dómaranámskeið á netinu.

Kosningar

PHS leggur til Hannes S. Jónsson sem formann, lófaklapp.

Meðstjórnendur

3 varamenn Bryndís, Einar Karl og Lárus Blöndal

Aga og úrskurðarnefnd: Sama og síðast

Áfrýjunardómstól KKÍ: Halldór Halldórsson, Jóhannes Karl Sveinsson og Bryndís Gunnlaugsdóttir.

Varamenn:

2 endurskoðendur: Gísli og Guðmundur

Kosning til Íþróttabings – vísað til stjórnar.

PHS kveður og gefur HSJ orðið.

HSJ þakkar fyrir, kynnir nýja stjórnarmenn. Talar um hlutleysi stjórnarmanna. Breyta formi þinga. Lokahóf 4. maí.

HSJ slítur þingi kl 15:21